

Spilað og spjallað við kertaljós í stórhriðinni

ÚR BÆJARLÍFNUM

Líney Sigurðardóttir
Þórshöfn



Nýja árið gekk í garð með kuldaði og norðanáhlápi en ekkert tjón varð af völdum veðurs hér um slóðir. Skammta þurfi rafmagn um tíma vegna bilunar og skóla var aflýst vegna ófærðar en fíðar eru slíku uppkomum ekki óvanir og taka öllu með ró. Í skammtdegi og stórhrið er fátt betra en að sitja inni með spil og bækur við kertaljós.

Rólegt er við höfnina en tveir smábátar hafa verið á línuveidum í rýsjótri tíð og aflinn hef-

ur verið í samræmi við það. Trillukarlar nýta gjarnan tímann til að dytta að bátum sínum vegna komandi grásleppuvertíðar í mars og síðan taka strandveiðarnar við. Hjá Ísfélaginu er nú bolfiskvinnsla í gangi en skip félagsins, Suðurey, landaði fyrsta farminum á nýja árinu fyrir skömmu. Loðnan er væntanleg til Þórshafnar í dag en Júpiter og Álseý hafa verið á veiðum norðaustur af landinu. Aflinn fer í bræðslu en betra verður en nína á mjóli en frystum afurðum.

Fræðsla og símenntun í heimabyggð hefur verið í boði á Þórshöfn síðan Þekkingarnet Þingeyinga fékk hér aðsetur. Það er til húsa á Menntasetrinu en það hefur

höðið upp á margvísleg námskeið. Á næstu mánuðum er úr mörgu að velja; tungumálanám, silfursmíði, saumanámskeið og fleira. Veðurfræðingurinn Einar Sveinbjörnsson verður með veðurnámskeið, þar sem einkum er farið í einkenni veðurlags hér í byggðarluginu og má búast við að útivistarfólk nýti sér það, einnig verður námskeið um skotfimi og skotveiðar. Það er mikilvægt að fólk á landsbyggðinni eigi kost á símenntun í heimabyggð og reynslan hefur sýnt að fólk hefur tekið þessum þekkingarbrunni fagnandi og nýtt sér vel námskeið og annað sem er í boði.

Árlegt þorralíft verður í febrúarbyrjun en það er jafnan fjöl-



Morgunblaðið/Líney Sigurðardóttir

Róleghett Sjómaðurinn Halldór Jóhannsson var mættur um borð til að dytta að útgerðinni en rólegt er í smábátahöfninni yfir háveturinn.

menn samkoma, þar sem heimaafólk og brottfluttur gleðjast saman yfir þorratrógu. Dansnámskeið er

einnig á döfinni, svo enginn þarf að sitja heima vegna fákunnáttu í dansi, þegar hátíðin rennur upp.

Brown á að biðjast afsökunar

● „Ríki á evrusvæðinu lenda í hverjum vandræðunum á fætur öðrum“

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, segir í samtali við bandaríska blaðið Wall Street Journal, að Gordon Brown, fyrrverandi forsetisráðherra Bretlands, ætti að biðja Íslendinga afsökunar á framkomu sinni í garð þeirra í bankahrúninu í október 2008.



Ólafur Ragnar Grímsson

„Vilji Gordon Brown vera heiðvirður maður ætti hann að biðjast afsökunar á því að segja umheiminum að Ísland væri gjaldþrota land,“ hefur blaðið efiur Ólafi.

Hann segir að rétt hafi verið um það á þeim tíma hvort Ísland ætti að höfða mál gegn breskum stjórnvöldum. „En nú gengur okkur betur, efnahagslega, en mörgum Evrópuríkjum,“ segir Ólafur.

Viðtalið fjallar að stórum hluta um Icesave-málið og þá ákvörðun Ólafs að sýnja Icesave-lögunum staðfestingar í janúar 2010. Segir Ólafur að frá pólitískum og stjórnskipunarlegum sjónarhóli sé það mikilvægasta ákvörðun, sem hann

hafi tekið á forsetaferli sínum, og hún hafi sýnt Íslendingum mikið fé.

Hann segist ekki vilja tjá sig um nýtt Icesave-samkomulag, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Þingið eigi rétt á að ræða málið án þess að forsetinn skipti sér af því.

Í viðtalinu er einnig fjallað um aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið. Haft er efiur Ólafi Ragnarari, að það muni á endanum ráðast af niðurstöðu í sjávarútvegsmálum hvort Íslendingar samþykkja að ganga í ESB.

Hann segir einnig, að helsta ástæða þess að Ísland sótti um aðild til Evrópusambandsins sé sú heitar umræður um réttmæti aðildarviðræðanna.

„Við höfum séð ríki á evrusvæðinu lenda í hverjum vandræðunum á fætur öðrum. Þetta hefur breytt myndinni,“ segir Ólafur. Hann segir að það hljóti að vera mögulegt að Íslendingar gangi í Evrópusambandið án þess að taka upp evru og visar til Póllands og Danmerkur í því sambandi.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. janúar 2011, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2011 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 17. janúar 2011, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögdum ping- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slystryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingagjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar efiur atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, aðgreidd fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögðv fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. janúar 2011

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri

Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Hófn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvalsvellum

Dýrar en fáar

● Álftanes íhugar úrsögn úr Strætó bs.

Samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Álftaness fimmtudaginn sl. tillaga bæjarráðs þess efnis að óska upplýsinga frá stjórn Strætó bs. um hvaða fjárhagslegu áhrif það hefði á sveitarfélagið ef það tæki ákvörðun um að segja sig úr bygðasamlaginu, þ.e. hætta samstarfi við fyrirtækið um strætisvagnaferðir til og frá Álftanesi. Ástæða þessa er óánægja bæjarstjórnar með strætisvagnaferðir um Álftanes. Strætisvagnar koma þar við sex sinnum á virkum dögum, á klukkustundarfresti milli kl. 9 og 12 og 14 og 17, en engar ferðir eru farnar um helgar.

Kjartan Örn Sigurðsson, fulltrúi Álftaness í stjórn Strætó bs., segir sveitarfélagið greiða rúmar 20 milljónir króna á ári inn í fyrirtækið og þyki það heldur mikið fyrir svo fáar ferðir. Álftanesbær vilji því skoða fleiri möguleika, hvort hægt sé að fá betri þjónustu fyrir sömu upphæð frá öðrum. Áður en farið sé í slíkar



Ljósmynd/Hafsteinn Ingi Gunnars
Strætó Ferðir eru fáar á Álftanesi.

aðgerðir verði að komast að því hvort Strætó bs. sé með neikvæða eiginfjárfstöðu. Ef svo væri þyrfti sveitarfélagið að borga sig út úr samstarfinu við fyrirtækið en annars ekki. Því hafi tillagan verið lögð fram. helgisnaer@mbi.is